



Bygðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 139/1154
komudagur 18.1.2011

Dagsetning
16.12.2010

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, mál 102.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun telur brýnt að hugað verði að atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum og telur að ályktun Alþingis gæti verið mikilvægur þáttur í því. Vilji margra heimamanna stendur til þess að þessi leið verði farin og því ekki óeðlegt að þessi kostur verði skoðaður sérstaklega.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Bygðastofnunar

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/358
komudagur 24.11.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Húsavík 23. nóvember 2010

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, 102. mál

Framsýn- stéttarfélag hefur lengi látið sig atvinnumál varða enda félagið fjölmennasta stéttarfélagið í Þingeyjarsýslum sem telur um 2.200 félagsmenn. Því miður hefur atvinnuleysi verið viðvarandi á svæðinu auk þess sem atvinnulífið hefur átt undir högg að sækja.

Sjávarútvegur og landbúnaður, sem lengi voru burðarásarnir í atvinnulífi Þingeyinga, hafa átt erfitt uppdráttar og verulegur samdráttur hefur orðið í þessum greinum, sérstaklega frá hruni Kaupfélags Þingeyinga. Lokun Kísiliðjunnar hafði einnig mjög slæm áhrif á atvinnulífið og búsetuskilyrði á svæðinu. Þá hefur frekari samdráttur verið boðaður í opinberri þjónustu þar sem tillögur stjórnvalda gera ráð fyrir verulegum skerðingum á framlögum til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Sýslumannsembættisins í Þingeyjarsýslum og til Framhaldsskólans á Húsavík.

Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa því íbúum svæðisins hefur fækkað jafnt og þétt, sérstaklega undangenginn áratug. Að öllu óbreyttu er ekkert annað að sjá en að þessi neikvæða þróun muni haldi áfram.

Framsýn fagnar því sérstaklega framkominni þingsályktunartillögu um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum enda eðlilegt að nota þá miklu orku sem er á svæðinu til atvinnuuppbyggingar í héraðinu. Uppbygging orkufreks iðnaðar í landi Bakka við Húsavík væri besta leiðin til að snúa við þeirri neikvæðu þróun sem verið hefur í atvinnu- og búsetuþróun á svæðinu. Þannig yrðu til yfir þúsund störf, það er bæði bein og afleidd störf á landsvísu.

Framsýn hefur ályktað með uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Bakka og bent á mikilvægi þess fyrir Þingeyinga og reyndar þjóðina alla. Með tilkomu álvers yrðu til verðmæt störf í framleiðslugreinum auk þess sem margfeldisáhrifin yrðu gríðarleg því fjölga þyrfti starfsfólki í ýmsum tæknigreinum, heilbrigðisþjónustu, framhaldsskólum, ferðaþjónustu, verslun og annarri þjónustustarfsemi á svæðinu. Þá yrði Húsavíkurbær mikilvæg útflutningshöfn fyrir Norðurland og myndi þar með bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á svæðinu til mikilla muna.

Framsýn styður heilshugar tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, 102. mál.

Í tillögunni kemur fram að markmiðið sé að skapa ný störf, verja störf og afla þjóðarþínu mikilvægra gjaldeyrstekna. Það er því ábyrgðarluti að leggjast gegn þingsályktunartillögu sem hefur þessa þætti að leiðarljósi, ekki síst við þær efnahagsaðstæður sem við búum við í dag.

Frekari upplýsingar gefur undirritaður.

Virðingarfyllst!

Fh. Framsýnar- stéttarfélags


Aðalsteinn A. Baldursson

Garðarbraut 26 640 Húsavík

Sími 464 6600
Fax 464 6601
kuti@framsyn.is
www.framsyn.is



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 24.11.2010

Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, þingskjal 109 – 102. mál

Eitt af markmiðum raforkulaga nr. 65/2003 var að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.

Landsvirkjun hefur á síðustu misserum lagt áherslu á að hefja orkunýtingu á jarðhitasvæðum í Þingeyjarsýslum við fyrstu hentugleika og í því skyni lagt verulega fjármuni í rannsóknir og kaup á hlutum í orkufyrirtækinu Þeistareykjum ehf. Hagsmunir Landsvirkjunar af því að ná viðunandi orkusölusamningum við líklegan orkukaupanda eru því verulegir. Landsvirkjun hefur verið í viðræðum við líklega orkukaupendur, sem áhuga hafa á að vera með starfsemi í Þingeyjarsýslum, og orðið var við talsverðan áhuga margra aðila á að gera orkusölusamninga og setja upp orkukrefjandi starfsemi í nágrenni jarðhitasvæðanna.

Út frá hagsmunum Landsvirkjunar sem orkufyrirtækis er afar óheppilegt og í raun í andstöðu við fyrrnefnt markmið raforkulaga, að ríkisstjórnin hlutist til um það við hverja verði samið um orkukaup að rafmagni frá jarðgufuvirkjunum í Þingeyjarsýslum. Hlutverk stjórnvalda hlýtur að vera fyrst og fremst að skapa aðlaðandi aðstæður fyrir orkukrefjandi starfsemi í nágrenni jarðgufusvæðanna og miðast við almenn atriði sem gagnist slíkum orkukaupendum með almennum hætti, en ekki sjálf að ganga til samninga við ákveðna nafngreinda aðila á raforkumarkaði sem opinn er fyrir samkeppni.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri

Nefndasvið Alþingis
b.t. Iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



LANDVERND

14. desember 2010

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum (tafarlausar viðræður við Alcoa og Bosai Mineral Group), 102. mál.

Stjórn Landverndar tekur undir að efla þurfi atvinnulíf á Íslandi en getur engan veginn fallist á að það verði gert með þeim hætti sem hér er lagt til. Tillagan ber með sér að virkja eigi í Þingeyjarsýslum allt að 600 MW fyrir álver sem hefur allt að 360.000 tonna árlega framleiðslugetu. Hvergi er minnst á þau alvarlegu landsspjöll sem yrðu þessu samfara til tjóns fyrir okkur öll, börnin okkar og alla afkomendur.

Skemmst er að minnast að nýlega er búið að reisa Kárahnjúkavirkjun og tilheyrandi mannvirki á hálandinu á Austurlandi sem hafði meiri náttúruspjöll í för með sér en áður hafa verið unnin hér á landi. Landvernd hefur ítrekað kallað eftir að lærdómar verði dregnir af því risavaxna verkefni áður en ráðist er í nýjar framkvæmdir vegna enn nýs álvers á nýjum stað.

Nú í nóvember kynnti Skipulagsstofnun sameiginlegt umhverfismat vegna álvers- og virkjanaframkvæmda á Norðausturlandi en þar kom fram að heildaráhrif álvers á Bakka við Húsavík, Kröfluvirkjunar II, Þeistareykjavirkjunar og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka muni hafa í för með sér "umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum." Í því felst að um er að ræða veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að koma í veg fyrir eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

Sem dæmi má nefna að 17.000 hektarar af ósnortnu víðerni, auðlind sem þverrandi í heiminum, munu skerðast vegna framkvæmdanna. 438 hektarar lands í heildina verða fyrir röskun vegna framkvæmdanna. 130 hektarar af eldhrauni, sem nýtur náttúruverndar, munu skerðast. 100 fornminjar á svæðinu yrðu í mikilli hættu og stór hluti gæti raskast verulega. Er ekki hægt að efla atvinnulíf, fjölga störfum í héraði, og byggja upp kröftugt samfélag þar sem vel er hlúð að velferð borgaranna án þess að ganga óhóflega á náttúru landsins og valda jafn gífurlegu eignatjóni og hér er lagt til?

Þær hugmyndir sem hér eru uppi um orkuöflun á Norðausturlandi eru auk þess óraunhæfar. Eins og Landvernd hefur margoft bent á hefur ekki verið gerð nægileg grein fyrir hvaðan orkan á að koma fyrir 360 þúsund tonna álver á Bakka. Eigi þau áform að ganga eftir þarf orkuver með samtals u.þ.b. 570-580 MW afl. Nú liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar um að ekki hafi verið sýnt fram á að orkugeta þeirra svæða sem um ræðir geti skilað þeirri orku sem þarf. Þetta þýðir að ekki er hægt að ráðast í framkvæmdina án þess að virkja annars staðar, væntanlega í Skjálfandaflljóti og Jökulánum í Skagafirði.

Í álitni Skipulagsstofnunar segir: „Ljóst er að engin vinnslusaga er til staðar á Þeistareykjasvæðinu og þrátt fyrir 30 ára reynslu af vinnslu jarðhita á Kröflusvæðinu með yfir 40 borholum hefur ekki tekist að útbúa reiknilíkan sem hermir jarðhitakerfið af einhverri nákvæmni vegna þess hve flókið kerfið er.“ Það er því ljóst að fara þarf afar varlega í nýtingu svæðanna til orkuframleiðslu.

Þar sem ekki hefur verið gerð grein fyrir orkukostum sem vantar uppá aflþörfina og þar sem orkugeta Þeistareykja, Kröflusvæðisins og Bjarnarflags er mikilli óvissu háð, má ætla að mikið vanti uppá og þar af leiðandi verði mikið viðbótar rask ef af framkvæmdum verður.

Landvernd tekur undir að ástæða sé til að hafa áhyggjur af þróun atvinnumála í viðkomandi byggðalagi, og efnahagsmála í landinu almennt. En samtökin telja að um tímabundið ástand sé að ræða. Ástæða þess er fyrst og fremst mistök í almennri hagsstjórn undan farin ár og grundvallar veikleikar í fjármálakerfi landsins. Nú skiptir mestu máli að bæta almenn skilyrði fyrir vöxt og velgengni atvinnulífsins, með langtímasjónarmið og sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Landvernd telur að bygging álvers á Bakka við Húsavík samrýmist ekki meginmarkmiðum sjálfbærrar þróunar. Álverið myndi hafa verulega neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi á Norðausturlandi bæði með virkjunum á fögnum náttúrusvæðum og með línulögnum. Í aðalskipulagi Norðurlands kemur fram að það eigi að nýta þá orku sem er í jörðu innan sveitarfélagsins til að byggja upp öflugar undirstöðuatvinnugreinar á Norðausturlandi og styrkja þannig stöðir byggðar í landshlutanum. Samkvæmt þingsályktunartillögnum er þó ljóst að orkan á svæðinu myndi öll fara til væntanlegs álvers og þarf líklega meira til. Landvernd hefur verulegar efasemdir um hversu skynsamlegt sé að nýta alla þá háhitaorku sem hugsanlega verður hægt að afla á Norðurlandi með þessum hætti. Staðsetning álversins og háspennulína í nágrenni við öfluga ferðaþjónustu á Húsavík og nágrenni vekur líka upp spurningar um ruðningsáhrif framkvæmdarinnar í samhengi við aðra atvinnustarfsemi á svæðinu.

Landvernd hlýtur að vara við því að fara offari í orkunýtingu með þeim afleiðingum að gengið verði á náttúruperlur svæðisins sem eru grunnur ferðaþjónustunnar, þeirrar atvinnugreinar sem hefur styrkt landsbyggðina mest á undanförunum árum. Annars konar atvinnuuppbygging gæti einnig beðið tjón.

Þá má benda þingmönnum á að metnaðarfullar hugmyndir hafa komið fram um uppbyggingu atvinnulífs á Norðurlandi í stað stóriðju sem rímar betur við einstakt náttúruferð og hefðbundna atvinnuvegi. Þar má nefna nýsköpun í matvælaframleiðslu, sjálfbæra nýtingu landbúnaðarsvæða og aukna yl- og fiskirækt. Framsækin ferðaþjónusta í tengslum við Vatnajökulspjóðgarð og margar af helstu náttúruperlum landsins mun einnig stuðla að aukinni atvinnuuppbyggingu og sjálfbærri nýtingu á náttúru svæðisins. Það ætti einnig að leggja áherslu á uppbyggingu rannsóknar- og þróunarstarfs á sviðum sem einkenna svæðið. Með því yrði lagður grunnur að atvinnutækifærum fyrir unga fólkið sem stundar háskólanám og langar aftur heim í hérað.

Mikilvægt er að skaða ekki jákvæða ímynd svæðisins sem er einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á landinu. Húsavík er miðstöð hvalaskoðunar á Íslandi og upphafsstaður margra ferðamanna um svæðið. Innan svæðisins, og aðliggjandi, er Vatnajökulspjóðgarður, Mývatn og margar helstu náttúruperlur landsins. Stór hluti svæðisins heyrir nú þegar undir verndunarákvæði, sbr. Vatnajökulspjóðgarð, svæði á náttúruminjaskrá, verndarsvæði skv. svæðisskipulagi miðhálandis og hverfisverndarsvæði. Það ætti því að vera þingmönnum kappsmál að atvinnulíf svæðisins endurspegli þá framtíðarsýn að norðausturhluti Íslands sé í fararbroddi um verndun náttúrunnar.

Bent er á að markmið laga um mat á umhverfisáhrifum er m.a. að meta umhverfisáhrifin fyrirfram til þess að geta tekið upplýstar ákvarðanir. Þegar mat á umhverfisáhrifum bendir til svo alvarlegra og óafturkræfra áhrifa sem raun er í þessu máli, er mikilvægt að ana ekki áfram. Það er skylda stofnana, félagasamtaka, fyrirtækja, sveitarstjórna og einstaklinga sem koma vilja að málum og hafa áhrif á hvort byggt verði álver að Bakka að kynna sér álit Skipulagsstofnunar um sameiginlegt mat mjög rækilega áður en lengra er haldið.

Vakin er athygli á því að í þingsályktunartillögunni er hvergi minnst á arðsemi þessara framkvæmda, verðmæti náttúrunnar, sjálfbærni eða auðlindarentu. Ekkert heildstætt þjóðhagslegt hagkvæmnismat hefur farið fram.


Landvernd minnir á drög að orkustefnu fyrir Ísland hafa verið lögð fram og beinir því til þingmanna að kanna hversu vel þingsályktunartillagan sem hér eru til umfjöllunar samræmist þeirri stefnu.

Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða verður tekin til afgreiðslu á Alþingi innan skamms og þar verða háhitasvæðin á norðausturlandi tekin til mats. Það er mikið óráð að ráðstafa orkuauðlindum fyrirfram áður en Alþingi hefur fjallað um rammaáætlun.

Á aðalfundi Landverndar s.l. vor var samþykkt ályktun undir heitinu „Ályktun um orkuöflun og almenna umgengni við náttúru Íslands“. Þessi samþykkt lýsir almennri afstöðu samtakanna til orkuöflunar. Hún er hjálögð.

Stjórn samtakanna hvetur flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar til að draga hana til baka og meta málið upp á nýtt.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Landverndar,


Lára Vilhjálmsdóttir,
framkvæmdastjóri



LANDVERND

Aðalfundur Landverndar 2010

Ályktun um orkuöflun og almenna umgengni við náttúru Íslands.

Aðalfundur Landverndar, haldinn að Nauthól í Nauthólsvík 26. maí 2010, brýnir fyrir ráðamönnum, sveitarstjórnnum, framkvæmdaraðilum, aðilum vinnumarkaðarins og landsmönnum öllum að tímabundnir erfiðleikar í efnahagslífi eru engin réttlætning til að fórna náttúruverðmætum með óafturkræfum hætti fyrir skammtíma hagvöxt. Fara þarf gætilega með náttúruauðlindir, sér í lagi orkuauðlindir sem nú er mikil ásókn í, og huga að siðferðislegri skyldu landsmanna að varðveita náttúru Íslands og hlífa henni sem mest við hvers konar átroðningi, hvort sem er vegna stórframkvæmda, utanvegaaksturs, eða annarrar háttsemi sem rýrir gildi náttúrunnar um ókomna tíð.

Fundurinn minnir í þessu sambandi á eyðingu skóga fyrr á öldum og uppblástur jarðvegs. Einnig minnir fundurinn á eyðingu votlendis á síðustu öld. Ennfremur á ástand fiskistofna við landið miðað við það sem áður var.

Aðalfundurinn skorar á stjórnvöld og orkufyrirtæki landsins að virða þarfir þjóðarinnar um ókomna tíð og gæta aðsjálni og fyrirbyggju í nýtingu og virkjun orkuauðlinda landsins, einkum vatnsafls og jarðhita, í samræmi við viðurkennda stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Auðlindir þessar eiga að standa komandi kynslóðum til boða og afnota. Því ber að forðast skammtíma gróðahyggju og stofna ekki til útsölu á dýrmætum orkuauðlindum. Forðast ber rányrkju orkuauðlinda. Þótt þær séu í eðli sínu að miklu leyti endurnýjanlegar eru þær endanlegar að magni, heildarorku og afli. Þetta á ekki síst við um framleiðslu raforku á háhitasvæðum með háhitagufu, þar sem nýting varmaorkunnar getur farið niður undir 10% og gífurlegri orku er sóað, orku sem betur væri varðveitt til framtíðar.

Aðalfundurinn minnir í þessum efnum á eftirfarandi ályktanir fyrri aðalfunda sem enn eru í fullu gildi:

Hálendið verði griðasvæði – aðalfundur 2006

Virkjanir og stóriðja – aðalfundur 2006

Ályktun um orkufrekan iðnað – aðalfundur 2007

Ályktun um verklag í tengslum við stóriðju – aðalfundur 2008

Ályktun um umgengni við orkulindir landsins – aðalfundur 2008

Ályktun um styrkingu stjórnsýslu umhverfis- og auðlindamála – aðalfundur 2009

Ályktun um grænar áherslur í atvinnumálum – aðalfundur 2009

Alþingi
Erindi nr. P 139/878
komudagur 10.12.2010

Nefndasvið Alþingis
Umsögn og afgreiðsla byggðarráðs Norðrupings vegna
Þskj. 109 - 102. mál

Eftirfarandi er afgreiðsla byggðarráðs Norðrupings.

Sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa á annan áratug unnið að því að efla atvinnustig í héraði þar sem megin markmiðið hefur verið að örva hagvöxt og bæta lífsskilyrði íbúa í Þingeyjarsýslum. Nýting þeirrar miklu orku sem er þar að finna mun án efa skipta öllu máli fyrir framtíð svæðisins. Staðan í dag, eftir langa baráttu er sú að sameiginlegu umhverfismati er lokið, skipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum er lokið, mikil nýtanleg orka hefur verið staðfest með rannsóknum, skipulag iðnaðarsvæða er lokið og því fátt til fyrirstöðu annað en að ganga til samninga við orkukaupanda, einn eða fleiri.

Byggðarráð Norðrupings telur ákaflega mikilvægt að Alþingi brýni ríkisstjórn til dáða í þessum efnum og að mögulegt verði að ljúka samningum um uppbyggingu orkusFREKS iðnaðar í Þingeyjarsýslum sem allra fyrst. Byggðarráð leggur áherslu á að gengið verði til samninga við þá aðila sem sýnt hafa áhuga og hafa traust, eru ábyrgir og hafa fjárhagslegan styrk til atvinnuuppbyggingar í héraði Þingeyingum til heilla, landi og þjóð.

Kveðja,

Guðbjartur Ellert Jónsson
Fjármálastjóri - staðgengill sveitarstjóra
Norðruping - Húsavík.

Alþingi
Erindi nr. P 139/359
komudagur 24.11.2010



Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2010
Tilvísun: 2010110014/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, 102. mál

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. nóvember 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, 102. mál.

Í greinargerð við umrædda tillögu segir m.a. eftirfarandi: „*Vinna að orkuöflun, sem nú liggur að mestu niðri, hefur skipt miklu fyrir Húsvíkinga þar sem mikill fjöldi þeirra var í störfum hjá Jarðborunum meðan eðlilegur gangur var í borunum. Mikil orka finnst á svæðinu og hefur það komið fram í svörum við fyrirspurnum hér á Alþingi, m.a. á 131. löggjafarþingi (pskj. 328, 222. mál), þar sem fram kemur að varlega áætlað séu virkjanleg um 600 MW í Þingeyjarsýslum. Rannsóknir eru hins vegar alltaf að batna og Þeistareykjasvæðið er nú talið öflugra en áður. Á Þeistareykjum eru nú tilbúin um 50 MW, í Bjarnarflagi er tilbúin mikil orka og nýverið var opnuð í Vítismó ein öflugasta hola landsins með afli upp á allt að 27 MW. Það eru því miklir möguleikar til atvinnuuppbyggingar á þessu svæði og brýnt að stjórnvöld leggist hér á árarnar með fólki og fyrirtækjum.*“

Komi til fyrirhugaðrar orkunýtingar á umræddu svæði, sbr. framanritað, er ljóst að orkufyrirtæki munu leita til Orkustofnunar vegna leyfisveitingar í samræmi við ákvæði raforkulaga, nr. 65/2003, og ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Með hliðsjón af hæfisreglum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, telur Orkustofnun ekki rétt að stofnunin taki afstöðu til fyrirhugaðra framkvæmda að svo stöddu.

Í ljósi framanritaðs gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við efni tillögunnar að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Lárus Ólafsson
yfirlögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/981
komudagur 15.12.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 10

150 Reykjavík

Reykjavík 15.12.2010

Efni: Umsögn um tillögur til þingsályktana um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, 102. mál og 120. mál.

Samtök atvinnulífsins taka eindregið undir með því sem fram kemur í báðum þessum tillögum, að unnið verði markvisst að uppbyggingu orkufreks iðnaðar í Þingeyjarsýslum.

Samtökin telja þó vart unnt að halda því fram eins og gert er í annarri tillögunni að ríkisstjórnin hafi unnið markvisst að þessum málum undanfarið. Það er auk þess í besta falli skrytið að Alþingi velji með þingsályktun orkukaupendur án þess að fyrir liggja á hverju samningi við þá muni byggja. Þar hlýtur arðsemi og samkeppnisstaða og áhugi erlendra fjárfesta að ráða miklu.

Mikilvægt er að stjórnvöld einbeiti sér að því að skapa skilyrði til þess að erlendir fjárfestar sjái sér hag í að fjárfesta hér á landi m.a. í áliðnaði í stað þess að leggjast gegn nánast öllum hugmyndum um erlendar fjárfestingar.

Samtök atvinnulífsins hafa gefið út skýrslu um mikilvægustu verkefni stjórnvalda á þessu sviði undir heitinu „Atvinna fyrir alla“. Ritið má finna á vef samtakanna með því að rekja slóðina: <http://www.sa.is/frettir/almennar/nr/4754/>

Virðingarfyllst,

Pjetur Reinertsen

2.12.2010

Alþingi
Erindi nr. **P 139/626**
komudagur 2.12.2010

Iðnaðarnefnd Alþingis

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, umsögnin hefur verið send í pósti.

Ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum (uppbygging orkufreks iðnaðar í byrjun næsta árs), 120. mál.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar áhuga flutningsmanna tillögunnar á nýtingu orkunnar á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum, til atvinnuuppbyggingar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skorar á alþingismenn og ríkisstjórn Íslands að taka nú höndum saman og leysa þetta máli til farsældar fyrir Þingeyinga og þar með landsmanna allra. Sveitarstjórn brýnir alþingismenn að standa vörð um grunnþjónustu í héraðinu svo sem Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og stoðþjónustu svo sem Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

X

Ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum (tafarlausar viðræður við Alcoa og Bosal Mineral Group), mál 102.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar áhuga alþingismanna á nýtingu orkunnar á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum, til atvinnuuppbyggingar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skorar á alþingismenn og ríkisstjórn Íslands að taka nú höndum saman og leysa þetta mál til farsældar fyrir Þingeyinga og þar með landsmanna allra. Sveitarstjórn brýnir flutningsmenn tillögunnar að standa vörð um grunnþjónustu í héraðinu svo sem Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og stoðþjónustu svo sem Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Kv

Guðrún M. Valgeirsdóttir
Sveitarstjóri Skútustaðahrepps
864-4141/464-4163

Alþingi
Erindi nr. P 139/730
komudagur 7.12.2010



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfasími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is


Laugum 3. desember. 2010

*Iðnaðarnefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík*

Efni: Umsagnir um mál 102 og 120

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti svohljóðandi umsögn á fundi sínum þann 2. des sl. um mál 102 og 120.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar fagnar áhuga flutningsmanna á nýtingu orkunnar á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum, til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Sveitarstjórn telur mikilvægt að Alþingi brýni ríkisstjórn til dáða í þessum efnum og að mögulegt verði að ljúka samningum um uppbyggingu orkufreks iðnaðar sem allra fyrst. Sveitarstjórn leggur áherslu á að rætt verði við öll þau fyrirtæki sem sýna áhuga á orkukaupum til atvinnuuppbyggingar í héraði. Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar ítrekar að alþingismenn standi vörð um opinbera grunnþjónustu í héraðinu, svo sem í heilbrigðis- og menntamálum, þannig að innviðir samfélagsins veikist ekki frekar en orðið er svo Þingeyjarsýslur verði færar um að taka við stórfelldri atvinnuuppbyggingu á næstu árum.


Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar